

SIRKUS

21. JÚLÍ 2006 | 29. VÍKA



**ROCK STAR:
SUPERNOVA**

**SIRKUS HORFIR
MEÐ MÖMMU
MAGNA**

**GÍSLI GALDUR
FYRSTA
MIXTEIPIÐ**

**FRÉTTASTOFA GILLZ
ÞORIR MEÐAN
AÐRIR ÞEGJA**

NYLON ÆVINTÝRIÐ

STELPURNAR Í NYLON STIGU
FYRST FRAM Á SJÓNARSVIÐIÐ
FYRIR TVEIMUR ÁRUM.

SUMIR VORU EFINS UM AÐ
ÞÆR MYNDU NOKKURN TÍMANN NÁ VINSÆLDUM HÉR Á LANDI. ANNAÐ
HEFUR KOMIÐ Á DAGINN OG RÚMLEGA ÞAÐ. Í SIRKUS MÁ SJÁ ÍTARLEGA
UMFJÖLLUN UM NYLON-ÆVINTÝRIÐ.

FRÁ A-Ö

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

RISA

TÓNLISTARVEISLA Á AUSTURLANDI



Margar af þekktustu hljómsveitum landsins spila á Seyðisfirði á laugardagskvöldið. Má þar nefna Ghostigital og Ampop, auk þess sem nýja bandið Fræ spilar þar og Biggi – kenndur við Maus – kemur í fyrsta skipti fram undir sólóheitinu Biggi Orchestra. Sirkus tók Ella í Jeff Who? í stutt spjall, en hljómsveitin spilar einnig á tónleikunum.

„Við erum mjög spenntir, þetta er víst svaka gaman,“ segir Elli um listahátðina og líkir stemningunni á L.UNG.A við Aldrei fór ég suður, tónlistarhátðina á Ísafirði.

Þetta er í fyrsta skipti sem Jeff Who? spilar á Austurlandi, en Elli segir hljómsveitina ekki hafa verið nógu duglega við að spila úti á landi. „Við höfum spilað í Keflavík og á Akureyri, en þyrftum að spila víðar.“

Þeir ætla að vakna snemma á laugardaginn og taka flugið austur, enda miklir morgunhanar. Elli hvetur alla til að mæta. „Ég vona að ég sjái sem flesta.“

Jeff who? kemur með stuðlið á Seyðisfjörð

Um helgina verður Listahátíð ungs fólks Austurlandi, eða L.UNG.A, haldin á Seyðisfirði. Um ýmiss konar listastarfsemi er að ræða, þar á meðal stórtónleika á laugardagskvöldið.

SIRKUSMYND – HEIÐA

SIRKUS MÆLIR MEÐ



The Hills have Eyes Unrated. Þessi ótrúlega kvikmynd er sannkallað augnakonfekt fyrir aðdáendur blóðugra hryllingsmynda. Þessi grófa útgáfa myndarinnar var ekki sett í almenna sýningu í bíóhúsum en kom nýlega út á DVD og fæst leigð á flestum vídeóleigum. Þeir sem vilja skemmta sér yfir ógeði, blóði og úrkynjuðu fólki mega ekki láta óskoðaða útgáfu myndarinnar framhjá sér fara.



Hallærislegum plastgleraugum, víðum silkiskyrturnum og rauðum gulrótarstiðnum gallabuxum. Eins og alþjóð veit er fyrri hluti tíunda áratugarins í tísku þessa dagana – einhverra hluta vegna. Þá sem vantar fyrirmynd til að ná klæðnaðinum rétt er bent á Beverly Hills 90210 eða Michael J. Fox-myndir.



Reykjavík Pizza Company. Þar er hægt að fá bestu pítsur í bænum, frábærar beyglur og heimalagaða súpu. Veitingastaðurinn brúar því bil á milli skyndibitastaðar og fins veitingastaðar og er verðið í samræmi við það. Þar að auki eru fáir staðir í Reykjavík þar sem starfsmenn eru jafn hressir og kátir.



Að ganga nýjar götur. Næstu daga á sólin að skína og því tilvalið að ganga um miðbæi landsins. Þó ekki sömu götumar og venjulega, heldur nýjar götur. Þannig gefst einstakt tækifæri til að kynnst annarri hlið á borginni sinni eða bænum sínum, sjá hús og hluti sem yfirleitt fara framhjá manni og leika túrista.

Sirkusávarpið!

OG ÞEIM TÓKST ÞAÐ BARA

Það hafa margar íslenskar hljómsveitir farið til útlanda í þeim tilgangi að meika það. Margar hafa þær líka verið á hinum títtnefnda barmi heimsfrægðar. Eilítið færri hafa þó orðið „heimsfrægðar“. Nylon-stúlkurnar eru ekki heimsfrægðar. Þær gætu samt alveg orðið það. Það er þó ekki það sem mér finnst hvað merkilegast við þær. Það hafa margir íslenskir tónlistarmenn náð svipuðum árangri og þær ytra. Það sem mér finnst merkilegast er hve frama þeirra hefur borið skjótt að. Þegar þær stigu fram á sjónarsviðið fyrir tveimur árum hafði ég ekki litla trú á þeim, heldur enga. Ég hélt að þær yrðu ekki einu sinni vinsælar á Íslandi. Ég taldi álíka miklar líkur á að lúðarnir í Iceguys myndu meika það og þær. En djöfull hef ég mátt éta það ofan í mig. Það elska þær allir. Ég elska þær ekki því ást er stórt orð – en mér finnst þær samt finar.



NYLON ER FRÆG.

Sólmundur Hólm

365

SIRKUS[®]


Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Hörður Jóhannesson
 hordur.johannesson@365.is
Ritstjóri: Sigríður Ella Jónsdóttir,
 Sólmundur Hólm Sólmundarson
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðuna þrýða stelpurnar í Nylon.

EFNI

- 4 – Djammað á Sálinni og í Smirnoff-partíi
- 6 – Rock Star: Supernova með mömmu Magna
- 7 – Snyrtivörur og óskalistinn
- 8 – Gróðavélin Paris Hilton
- 10 – Hettupeysur eru málið
- 12 – Innipúkinn eins og hann leggur sig
- 16-17 – Nylon-ævintýrið
- 18-19 – Það besta úr tískuheiminum
- 23 – Gillz gefur mönnum það hrátt





Sjáðu



Sjáðu flotta hönnun Frumkýning C1

Komdu í Brimborg. Komdu í nýjan sýningarsal Citroën að Bíldshöfða 8.

Komdu í kaffi og kleinur

**Sóltiiboð gildir
aðeins til 4. ágúst n.k.**

Sniðugir Frakkarnir

Þegar tveir bílar mætast fara þeir hvor í sína átt. Ólíkt því þegar Toyota mætti Citroën. Tveir stórir bílaframleiðendur tóku mál hvor af öðrum og fannst sniðugt að nýta þann mun sem er á þeim og hanna saman mætan bíl. Samvirknin gaf af sér risasmáa tvíbura: Citroën C1 og Aygo frá Toyota. Nú er mál að skipta. Komdu í Brimborg. Sjáðu Citroën C1 - í nýjum sýningarsal Brimborgar, Bíldshöfða 8. Sniðugir Frakkarnir. Eigðu franskan tvíbura: 3 eða 5 dyra.

Veldu Citroën. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú nýjan bíl frá Brimborg. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.



■ Citroën C1 SX 1,0i
3 dyra 5 gir 68 hó*
Bílasamningur 16.669 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Verð án sóltiiboðs 1.395.000 kr.
Sóltiiboð 1.355.000 kr.

Skoðaðu úrval risasmárra Frakka: C1, C2 og C3



■ Citroën C1 SX 1,0i
5 dyra 5 gir 68 hó*
Bílasamningur 16.866 kr.
Rekstrarleiga 27.500 kr.
Verð án sóltiiboðs 1.435.000 kr.
Sóltiiboð 1.395.000 kr.



■ Citroën C2 VTS 1,6i
3 dyra 5 gir 125 hó*
Bílasamningur 21.455 kr.
Rekstrarleiga 33.600 kr.
Verð án sóltiiboðs 1.849.000 kr.
Sóltiiboð 1.749.000 kr.



■ Citroën C3 SX 1,4i
5 dyra 5 gir 75 hó*
Bílasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr.
Verð án sóltiiboðs 1.629.000 kr.
Sóltiiboð 1.599.000 kr.

sóltiiboð

Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.citroen.is



Sóltiiboð gildir aðeins til 4. ágúst n.k.

Sumarið er
í Brimborg



brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auk er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueffirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

NÓG VAR UM AÐ VERA UM HELGINA SEM LEIÐ, ÞAÐ VORU TÓNLEIKAR Á ÖÐRUM HVERJUM BAR, SÁLIN Á NASA OG AÐ SJÁLFSÖGÐU STÓRA SMIRNOFF-PARTÍÐ Í STÚDÍÓI LOFTKASTALANS. ÞAÐ VAR KJAFTFULLT EINS OG VIÐ VAR AÐ BÚAST OG NÚ ER BARA AÐ BÍÐA EFTIR NÆSTA SMIRNOFF-PARTÍ AÐ ÁRI. SIRKUS LÉT SIG EKKI VANTA OG SMELT VAR NOKKRUM GÓÐUM STUÐMYNDUM AF GESTUM OG GANGANDI.

SMIRNOFF-PARTÍÐ OG SÁLIN STÓÐU UPP ÚR



STRÁKARNIR KUNNA ÞETTA



TÓNLEIKAR Á CAFE AMSTERDAM



ÞESSAR VORU ÁNÆGÐAR MEÐ TÓNLEIKANA



SÓLEY EMM, SCHOOL OF MAKEUP, SVALA BJÖRGVINS OG HAFFI HAFF



ROBBI KRONIK, HINN EINI SANNI!



STRÁKARNIR VORU HRESSIR



SIGURJÓN OG KOLLA VORU FLOTT Á ÞVÍ



BIRNA OG FRÍÐA VORU HRESSAR



TRYLLT PARTÍ



VIÐ ELSKUM SÁLINA!



MAGGA OG RAKEL VORU ÁNÆGÐAR MEÐ PARTÍÐ



MÍA, BJÖRK OG HILDUR MÆTTU AÐ SJÁLFSÖGÐU

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Lukas Rossi. Þótt hann sé mæður á aðdáendasiðu Supernova og af sjálfu bandinu, þá má hann gjarnan hverfa eftir næsta þátt. Þessi sjálfumglæði kanadíski einfari er án efa einn ofmetnasti söngvari keppninnar, öskrar í stað þess að syngja – ekki „rokkaralega“ – og er með hallærislegan hroka sem hrifur engan nema Dave Navarro.



VIP-raðir sem mistakast. Þetta er flókið fyrirbæri sem fær dyraverðir og gestir skilja eða ráða við. VIP-gestir á einungis við fastagesti á tilteknum stað eða alvöru frægt fólk. Of margir troða sér fram fyrir því þeir halda að þeir séu „frægir“ svo VIP-röðin endar yfirleitt lengri en raunverulega röðin. Þetta er að sjálfsgöðu hringavitleysa og menning sem Íslendingar virðast enn ekki hafa lært.



Superman Returns. Þrátt fyrir frábæran feril Bryans Singer leikstjóra og ótrúlega tækni stendur myndin ekki undir nafni – því miður. Hún er alltof löng og verður langdregin á köflum, jafnvel í spennuatriðunum sem virðast fyrst og fremst ganga út á að sýna frammi tækniyfirburði myndarinnar.



Togarakaffi. Uppáhelt kaffi er fyrirbæri úr fortíðinni, þegar forfedur okkar höfðu um ekkert annað að velja. Í dag er hægt að velja úr mörgum bragðgöðum kaffidrykkjum og því áfall fyrir bragðlaukana að velja brennt uppáhelt kaffi. Að drekka það er eins og að drekka ennþá bjórlíki.

H&N-mynd: Daniel Rúnarson

SÍMUN ÁTTI UPPLEGGIÐ

Í Keflavík voru teir vónbrotnir yvir ekki at hava fingið meiri burtur-úr enn eitt stig, tá ið teir týskvöldið vitjaðu Víking



ÍSLAND Í gjárkvöldið fór íslenska landskappingin í heilt stuttan sumarsteðg. 11. umfar varð spælt liðugt týskvöldið, tá ið tríggr dystir voru á skránn1.

Við foröyskum eygum hevði tað

serligan áhuga, at Keflavík við Símunu Samuelsen á miðvöllinum í vinstru var í Reykjavík, har teir spældu móti Víkingi.

Keflavík hevði mesta partin av spælinum og bestu móguleikarnar. Men teir meгнаðu bara 1-1, og tað voru teir í Keflavík ikki frítt vónbrotnir av.

Keflavík legði seg á odda tveir minuttir undan steðginum. Guðmundur Steinarsson setti bóltin í málið, efrri at Símun Samuelsen hevði staðið fyrri upplegginum. Símun var allar 90 minuttirnar á ytsta miðvallar plássinum í vinstru hjá Keflavík.

Teir í Keflavík hildu eftir 1. hálv-

leik, at teir áttu at havt verið frammanfyri 3-0. Men teir høvdu bara fingið eitt mál, og tí kostaði tað tvey stig, tá ið Víkingur javnaði til 1-1, tá ið 2. hálvleikur var tíggju minuttir gamal.

Síðstu tíggju minuttirnar trýsti Keflavík nógv fyrri at fáa sigursmálið, men tað eydnaðist teimum ikki.

Sjálvtt um tað er steðgur í landskappingini fram til 27. juli, so skal Keflavík aftur í eldin nú sunnudagin. Tá skulu teir í steypakappingini spæla á útivølli í Akranesi.

Í landskappingini er FH oddalið eftir ellivu umfør. Liðið á Hafnafirði hevur 26 stig. Keflavík og Víkingur eru 4. og 5. plássi við 15 stigum.



FÆREYSKA FRÉTTIN

BRIM LAGERSALA

LAUGAVEGI 66, 2 HÆÐ

ÞAD ER BANNAD AD MISSA AF !!



FATNADUR OG FYLGIHLUTIR FRÁ M.A.

BILLABONG
ELEMENT
NO FEAR
OPTION
NIKITA
ADIO
BLAH
ALIS

BRIM

MAGNA-STEMNING Á BORGARFIRÐI EYSTRÍ



„Stemningin var rosalega góð,“ segir Aldís Fjöla Ásgeirsdóttir, systir Guðmundar Magna Ásgeirssonar sem fer nú á kostum í sjónvarpsþættinum Rock Star: Supernova. Magni kemur frá Borgarfirði eystri og er bullandi stemning í bænum. Fjölmenni var mætt í Veitingasöluna Fjarðarborg á þriðjudagskvöld þegar Magni söng lagið Plush með Stone Temple Pilots. „Það voru mættir hingað ferðamenn og nánasta fjölskyldan hans,“ segir Aldís en fjölskylda Magna rekur veitingasöluna.

BRÓDIR MAGNA VINSÆLL MEÐAL FERDALANGA

Aldís segir hópinn hafa verið afar spenntan yfir því að horfa á sinn mann. „Það var mikið klappað þegar það var komið að honum að syngja,“ segir hún. „Hingað hafa komið göngu- og útreiðahópar sem hafa mjög gaman af því að fylgjast með þessu. Bróðir minn og Magna er að vinna sem leiðsögumaður uppi á fjalli hérna og það voru tvær bandarískar konur sem voru æstar í að hitta hann. Þeim fannst það mikill heiður og fengu að taka af sér mynd með honum,“ segir Aldís og hlær. „Það koma hingað ferðamenn og spyrja okkur hvort Magni sé ekki örugglega héðan.“

SÖNG EITT AF UPPÁHALDSLÖGUNUM

Aldís hefur að vonum mjög gaman af því að sjá stóra bróður sinn syngja á sviðinu. Hún segist ánægð með frammistöðu hans á þriðjudagskvöldið. „Já, ef ég tala fyrir mig, þá var ég

mjög sátt. Þetta er eitt af hans uppáldslögum og hann kann það mjög vel,“ segir hún. Hún segist þó full af blendum tilfinningum yfir þessu havarfi. „Maður vill endilega fá hann heim en svo kys maður hann eins og brjálaður maður svo hann komi einmitt ekki heim,“ segir Aldís. „En annars er þetta alveg frábært fyrir hann því hann hefur verið mikill aðdáandi Jasons Newstead frá því hann var krakki. Það er fyndið að sjá þá núna á sama stað. Þetta var alveg ædolið hans í æsku,“ segir Aldís og bætir við að Magni hafi veitt henni tónlistarlegt uppeldi sem stóri bróðir og kennt henni að hlusta á almennilegt rokk.

FRÍ Í UNGLINGAVINNUNNI

Það er án efa skrítn tilfinning að horfa á einhvern svo nákominn manni syngja fyrir milljónir áhorfenda. Aldís tekur undir það. „Þetta er súrealískt,“ segir hún. Hún segir bróður sinn verða betri með hverjum þætti. „Þetta er rosalega flott að mínu mati. Mér finnst hann alltaf vera að sýna meira hvað hann getur í raun og í gær [þriðjudag] stóð hann sig mjög vel.“ Borgarfjörður eystri er allur undirlagður og fylgjast bæjarbúar spenntir með gengi Magna. „Það eru allir virkir og mæta hérna á kvöldin og horfa með öllum. Það er gefið frí í unglingsvinnunni fram að hádegi daginn eftir þáttinn ef hann er langt fram eftir. Það styðja hann allir,“ segir Aldís. soli@minnsirkus.is



MIKIÐ VAR KLAPPAÐ ÞEGAR MAGNI VAR BÚINN AÐ SYNGJA.



FORELDRAR MAGNA OG ELSTI BRÓDIR HANS ÞAU JÓHANNA BORGFIÖRÐ, MÓÐIR MAGNA, OG ÁSGEIR ARNGRÍMSSON, FAÐIR HANS, SITJA SPENNT OG HORFA Á MAGNA ÁSAMT BRÓÐUR HANS ARNGRÍMI VIÐARI.



UNGLINGARNIR FYLGJAST SPENNTIR MEÐ OG FÁ AÐ SOFA ÚT.



H&N-MYND MYNDIR – ALDÍS FJÓLA ÁSGEIRSDÓTTIR

ÞAÐ ER ALLTAF GOTT AÐ FARA YFIR SÍN MÁL OG ÞAÐ Á LÍKA VIÐ UM SNYRTIBUDDUNA. ER KOMINN TÍMI TIL AÐ ENDURNÝJA, ER ÉG AÐ NOTA LÉLEGAR VÖRUR EÐA EITTHVAÐ SEM HENTAR MÉR EKKI? ATHUGIÐ HVAÐ ÞIÐ EIGIÐ, HVAÐ YKKUR VANTAR OG SÍÐAST EN EKKI SÍST HVERJU MÁ HENDA. RIFKA COSMETICS AÐSTOÐAÐI VIÐ AÐ VELJA ÞAÐ HELSTA OG NAUÐSYNLEGASTA TIL AÐ EIGA Í BUDDUNNI.



VANTAR EITTHVAÐ Í BJÚTÍ-BOXIÐ?



Stardust púðurkendir mikið sanseraðir augnskuggar (glamur) margir smart litir.



Blyntar sem gott er að eiga, móta og styrkja línur.



Augnskuggi no 238, dökkbrúnn, frábær til að dekkja eða móta augabrúnir sem eru ekki til staðar. Kemur mjög eðlilega út. Gott er að nota breiðan eyelinerpensil no 9 til að móta brúnirnar.



Básinn er flottur.



Allt fyrir augun, blautur pensill og maskari.



Maskari, Sensitive, kemur í þremur litum. Hentar mjög vel fyrir þær sem eru mjög viðkvæmar, extra mildur og gott að ná honum af.



Þrískiptir augnskuggar, koma í fallegum litatönum og gefa bjarta og fallega áferð, margir litir.

ÓSKALISTINN...



Púðarnir í Spúútník eru líflægir og fallegir, 1.500 kr.



Debenhams í Smáralindinni, sushi-sett er tilvalin gjöf eða fyrir ykkur sem elskið sushi 5.990 kr.



Spúútník, hálsmen frá 1.300 kr og upp úr.



Pungar eru málið, Spúútník, 1.900 kr.



Debenhams í Smáralindinni. Hressandi doppött viskustykki, kominn tími til að skipta út, 999 kr.



HEIMSVELDIÐ PARIS HILTON

Eigin yfirmaður
Paris hannar hand-
töskur, ilmvetn,
snyrtivörur og fót-
allt í eigin nafni.



Heimsk eða gáfnaljós
Hér sést Paris eiga í smá vandræðum með hurðina
á bílnum sínum. Mörgum finnst Paris afar heimsk.
En hún kallar þetta markaðssetningu.



Fyrsta myndbandið
Smá óhapp varð við töku á
fyrsta myndbandi Parísar.

Paris Hilton. Eitt nafn sem allir þekkja, hvort sem þeir vilja það eða ekki. Paris Hilton hefur tekist að troða sér inn í líf allra, þökk sé fyrsta flokks almannatengslaliði.

Paris Hilton, dóttir Richards og Kathy Hilton, erfingi Hilton-hótelkeðjanna og fasteignafyrirtækis föður síns, ólst upp í New York. Lítið fór fyrir henni þangað til stúlkan komst á táningsaldur og varð meira áberandi í hástéttarfélagslífinu í New York. Hún stundaði nám við Dwight-grunnskólann í New York en ákvað að hætta og fékk GED-gráðu í staðinn sem samsvarar grunnskólaprófi.

KYNLÍF KOM HENNI Á KORTIÐ

Paris var 23 ára og orðin þekkt í New York. En það var ekki eftirnafnið sem gerði hana heimsfræga heldur kynlífsmyndband sem hún tók upp ásamt þáverandi kærasta sínum, Rick Solomon, aðeins 19 ára gömul. Rick og Paris hættu saman eftir frekar stutt samband en þegar raunveruleikapátturinn The Simple Life var frumsýndur í bandarísku sjónvarpi ákvað Rick að græða pening á nýfrægri Paris og lak myndbandinu á netið. Núnda júní 2004 var One Night in Paris 1 gefið út á DVD.

Paris lögsoótti Rick og sát náðist í málinu. Hlaut Paris 400 þúsund dollara fyrir ónáðið. Hluti greiðslunnar rann til líknarmála. En Paris var orðin fræg.

Eins og þruman úr heiðskýru lofti var Paris alls staðar, í sjónvarpinu, í hverju einasta partíi og í slúðurpressunni. Í þættinum The Simple Life brá mörgum í brún að sjá hversu heimsk Paris var, en í viðtali við The Guardian Observer á dögnum útskýrir Paris:

„Það virðist enginn ætla að fatta að í The Simple Life er ég karakter. Ég veit meira að segja hvað Wal-Mart er! Ég þykist vera heimsk, rétt eins og Jessica Simpson gerir, en við vitum nákvæmlega hvað við erum að gera. Við erum gáfaðar ljóskur.“ Í þáttunum spyr Paris hvað Wall-Mart sé, hvort búnir séu til veggir þar.

LÍFIÐ ER VINNA

Paris uppgötvaði fljótlega að hún gæti grætt mikla peninga á því að vera hún sjálf. Hún hafði þegar leikið í fimm seríum ásamt Nicole Richie þrátt fyrir að þær hefðu ekki talað saman í rúmt eitt og hálf ár. Einnig sér hún um að hanna handtöskur fyrir línu Samönthu Thavasa ásamt systur sinni Nicky Hilton sem eru einungis til sölu í Japan ásamt því að hanna skartgrip sem eru til sölu á amazon.com.

Á síðasta ári var kynnt Paris Hilton-úr með 18 karata hvítagulli og demöntum. Úrin kosta allt frá 100 þúsund dollurum sem jafngildir sjö og hálfri milljón íslenskra króna. Hún hefur opnað tvo skemmtistaði í Flórída og vonast til þess að opna fleiri bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu.

Ilmvatn Parísar sem kom út fyrir tveimur árum sýnir mátt hennar og frægd. Ilmvatnið heitir einfaldlega Paris Hilton og var hannað af henni sjálfri ásamt fyrirtækinu Parlux. Ilmvatnið kom út en var selt í litlu magni. Það var svo vinsælt að fyrirtækið þurfti að framleiða meira. Hagnaður fyrirtækisins óx um 47 prósent eftir að ilmvatn hennar kom út. Síðan þá hefur Paris hannað tvö ilmvetn til viðbótar. Eitt fyrir karlmenn og annað fyrir bæði kynin.

Auk ilmvatnsins er í bígerð snyrti- og tiskulína.

HEIMSK EDA OFURGÁFUD

Það virðist enginn geta viðurkennt að hafa gaman af Paris Hilton, þó vilja allir lesa um hana. Hún er eins og forboðni ávöxturinn sem alla langar að fá sér bita af.

„Það er til fullt af erfingjum, en ég get ekki séð að neinn þeirra sé að gera það sem ég hef gert. Ég er með svo mikið í gangi, töskur, ilmvetn, snyrtivörur. Ég flýg í kringum heiminn á þriggja daga fresti til að hanna og samþykka allt sem er hannað fyrir mig. Ég er að leika í kvikmyndum, á tónleikaferðalagi og með sjónvarpsþátt. Hver einasti dagur í fullbókaður þangað til 2007,“ sagði Paris í viðtali við The Guardian. „Ég var í kvöldverði hjá afa mínum í síðustu viku og hann sagði: „Þú ert duglegasti forstjóri sem ég þekki.“

Það nýjasta á dagskrá Parísar er platan hennar. Fyrsta smáskífan er nú þegar komin

út og heitir Blinded by the Stars. Lagið er í 18. sæti á bandaríska vinsældalistanum og í því þriðja á kanadíska vinsældalistanum.

Í lok viðtalsins við The Guardian Observer svarar Paris Hilton nokkrum spurningum.

Er þetta erfitt?
„Það getur verið það. Stundum finnst mér eins og fjölmiðlar noti mig sem boxpúða.“

Við hverju bjóstu?
„Ég veit, en það er samt hallærislegt. En ég elska starfið mitt og mér finnst ég hafa unnið mér inn þau réttindi að vera hamingjusöm. Guð gefur þér gott karma ef þú vinnur mikið og ert góð.“

Ertu trúuð? „Já, kaþólikki.“
Ertu með biblíu við hliðina á rúminu?

„Nei.“
Bara myndavél?

„Gildir einu, maður. Það munu að minnsta kosti allir alltaf muna eftir mér.“



Augnháralitur og augnabrúnalitur

TANA Cosmetic

Augnháralitur og augnabrúnalitur sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun. Allt sem þarf í einum kassa, þægilegra getur það ekki verið. Útsólastaðir: apótek og snyrtivóruverslanir

Trind handsnyrtivörur alltaf no. 1 Nú Nýtt

Nail Antibite til að Hætta að naga neglur.



For Girls Only Aðeins fyrir stelpur



Traveling set ferða sett



Ýmsar gerðir af sokkabuxum frá Pompea.. Vandaðar og þægilegar.



Super Tuning kits
(Turbine Blower & Spray Gun)



FYRIR SNYRTISTOFUR - SNYRTIFRÆÐINGA

Snyrtifræðingar: Fyrir snyrtistofur, nánast allar rekstrarvörur á lager, þar á meða tattoo vélar og litir. Orenna augnabrúnalitur í 20 ml. túpum sem er til í 7 litum, gel festir 6% og vökva-festir 3%, eingöngu stofuvara. Einnig Tana og Berrywell augnabrúnalitir.



Naglafræðingar: Millenium nails, gel margar gerðir, efni fyrir acrylic neglur, mikið af nagla-skrauti, nagla vinnuborð, nagla ofnar, airbrush sprautur, töskur og allt sem þarf.

Fótaaðgerðafræðingar: Til á lager vinnustólar, úðaborar margar gerðir, silicon, Sixtus fótavörur og ýmislegt annað.

Nuddfræðingar: Nuddbökkir til á lager, einnig glæsilegir ferðanuddbökkir og nuddtæki. Nuddollur frá Sixtus í 5 lítra brúsum ásamt öðrum ollum í 1 lítra og 1/2 líters umbúðum. Einnig nud-dkrem í 1/2 kg. umbúðum. Einnig grenningarleir í 5 kg. umbúðum og 1/2 kg.

Vinnuljós með stækkunargleri, lampar, gufur og margt fl.



HETTUPEYSUR ERU MÁLIÐ

EITT AF ÞVÍ SEM ALLIR VERÐA AÐ EIGA Í FATASKÁPNUM ER EITT STYKKI HETTUPEYSA. ÞAÐ ER ALLTAF HÆGT AÐ HENDA SÉR Í EINA GÓÐA ÞEGAR MAÐUR ER FREKAR ANDLAUS EÐA NENNIR EKKI AÐ Hafa sig til. ÞÆR HENTA ALLTAF VIÐ HVERT TÆKIFÆRI. VERTU KÚL Í SUMAR OG FJÁRFESTU Í EINNI GÓÐRI HETTUPEYSU.

GYLLTI KÖTTURINN, 3.400 KR.

ADIDAS Í KRINGLUNNI, KLASSÍSK Á 7.990 KR.

SMASH Í KRINGLUNNI, 13.990 KR.

SMASH Í KRINGLUNNI.

KRONKRON, WOOD WOOD, 16.900 KR.

ADIDAS Í KRINGLUNNI, ÞESSI ER Á 3.594 KR.

KRONKRON, UMBRO BY KIM JONES, 13.500 KR. HÆGT AÐ TAKA ERMAR AF OG ÞÁ ERTU KOMINN MEÐ VESTI.

GYLLTI KÖTTURINN, 1.400 KR.

GYLLTI KÖTTURINN, 1.400 KR.

SMASH Í KRINGLUNNI, 10.990 KR.

SMASH Í KRINGLUNNI.

SMASH Í KRINGLUNNI, 12.990 KR.

KRONKRON, WOOD WOOD, 16.900 KR.

H&N-MYND HÖRÐUR SVEINSSON OG STEFÁN KARLSSON

Arthúr

RAKSTUR

Ég sé að þú ert búinn að raka þig

Hvernig í ósköpunum vissirðu að ég var að raka á mér punginn?

Nei, ég er að tala um alskeggið

Hvernig vissirðu að ég væri með alskegg þarna niðri?

Ég er að tala um smettið á þér!


Hvernig í fjandanum vissirðu að ég kalla félagi minn "smettið"?

Ohh, skiptir ekki máli

Jæja, korter í fimm. Tími fyrir rakstur

©2006 Jonni og Finnur
www.fjandinn.com/arthur

ÚTSALA ÚTSALA



bianca

Gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12, Kópavogi
sími: 554 3533

INNIPÚKINN

EINS OG HANN LEGGUR SIG

INNIPÚKINN VERÐUR HALDINN Í FIMMTA SINN UM VERSLUNAR-
MANNAHELGINA. HÁTÍÐIN HEF-
UR FEST SIG Í SESSI OG VERÐUR
VINSÆLLI MEÐ HVERJU ÁRI.

Tónlistarhátíðin Innipúkinn hefur fest sig rækilega í sessi og verður haldin fimmta árið í röð, á Nasa, næstkomandi verslunarmannahelgi. Tilgangur hátíðarinnar er fyrst og fremst að bjóða upp á góða tónlist í höfuðborginni á meðan útihátíðir eru haldnar víðsvegar um landið. Verslunarmannahelgi í Reykjavík, fyrir þá sem annað hvort vilja ekki fara út á land eða geta ekki farið út á land, getur því verið frábær kostur fyrir fólk í leit að góðri skemmtun.

Undanfarnar vikur hafa margar hljómsveitir, innlendar sem og erlendar, verið bókaðar á hátíðina. Þar af bera án efa hæst Television, Throwing Muses og Speaker Bite Me.

BANDARÍSKT POST-PÖNK

Television hóf göngu sína á 8. áratugnum í New York og spilaði sína fyrstu tónleika á hinum sögufræga CBGB's-klúbbi. Þótt sveitin hafi spottit upp úr pönkjardævi fór hún sínar eigin leiðir og er fyrsta dæmið um tónlistarhreyfingu sem síðar var kennd við post-pönk. Frægasta plata sveitarinnar er óumdeilanlega Marquee Moon frá 1977, enda meistaraverk sem hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar og birtist nýverið á lista yfir bestu plötur allra tíma. Sveitin hætti árið 1978, en kom aftur saman árið 1992 og hefur verið starfrækt síðan.

BOSTON-BYLGJA OG DANSKT INDÍ

Throwing Muses kemur frá Boston, stofnuð árið 1981, og kom af stað Boston-bylgjunni svokölluðu, ásamt Pixies. Tanya Donnelly, einn liðsmanna sveitarinnar, hætti árið 1991

til að spila með Kim Deal, bassaleikara The Pixies, í The Breeders. Throwing Muses hefur gefið út fjölmarga diska, nú síðast árið 2003.

Speaker Bite Me er ein af bestu hljómsveitum Dana og hefur vakið athygli í Evrópu fyrir smáskífuna Punkt The Pam. Tónlist sveitarinnar hefur verið líkt við og lýst sem samblandi af Sonic Youth, My Bloody Valentine og Toroise. Aðdáendur indí-tónlistar ættu því ekki að láta hljómsveitina framhjá sér fara.


INNLENDU BÖNDIN

Íslenskar hljómsveitir láta sitt ekki eftir liggja og mörg vinsæl bönd koma fram á hátíðinni. Má þar nefna Ghostigital, Mugison, Hjálmar, Jeff who?, Ampop, Skakkamanage og ungliðana í Mammút og Jakobínarína.

Athygli er vakin á því að á heimasíðunni <http://www.ddr.is> er glymskratti þar sem heyrna má lög eftir flestar af ofan nefndum hljómsveitum.

HVERNIG MÁ NÁLGAST MIÐA?

Miðasala er hafin á [midi.is](http://www.midi.is), í verslunum Skífunnar, Hive við Grensásveg og í vel völdum verslunum BT víða um land. Það er annað hvort hægt að fjárfesta í passa á alla hátíðina – alla þrjá dagana – eða einstaka daga. Passinn kostar 5.900 kr., auk miðagjalds, og dagspassinn kostar 2.600 kr., auk miðagjalds. Skipuleggjendur hátíðarinnar vilja koma því á framfæri að alltaf hefur orðið uppselt á hátíðina og að takmarkað magn miða er í boði.



TELEVISION

Föstudagur:

Television, Benni Crespo's Gang, The Foghorns, Ég, Jan Mayen, Jomi Massage, Jakobínarína og Jeff Who.

Laugardagur:

Throwing Muses, Weapons, Æla, Morðingjarnir, Hermigervill, Solex, Eberg, Hjálmar, Donna Mess.

Sunnudagur:

Speaker Bite Me, Mugison, Mammút, Ampop, Koja, Norton, Skakkamanage, Mr. Silla/Mongoose, Ghostigital.

Tónleikar hefjast alla dagana klukkan 18 og standa fram á rauðanótt.



THROWING MUSES

MUGISON

GHOSTIGITAL



SKAKKAMANAGE

GÍTARINN

HLJÓÐFÆRAVERSLUN

Opið:
Mán-Fös: 10-18
Lau: 11-16



Þjóðlagagítar

Poki, Stillitæki, Gítarneglur

Verð frá
15.900

Áður: ~~19.900~~



Rafmagnsgítar

Magnari, Poki, Snúra,
Ól, Stillitæki, Gítarneglur

Verð frá kr.
19.900



Trommusett

Diskar, Stóll, Kjuðar


Verð kr.
39.900

Kassagítarar frá kr. 10.900

+poki, stilliflauta, strengjasett og gítarneglur

Gítarinn...
...Mögnuð verslun

GÓÐAR BÍÓMYNDIR Á DISKUM



SUMARIÐ HEFUR ALLT ÞAR TIL NÚ VERIÐ HELDUR DIMMT – SJÓNVARPIÐ EKKERT TIL AÐ HRÓPA HÚRRA FYRIR OG ÞVÍ HAFNA MENN LEITAÐ Á LEIGUR OG SKELLT Í TÆKIN DISKUM. ÚRVAL ER STÖÐUGT AÐ AUKAST ÞÓTT ENN VERÐI AÐ SÆKJA SUMT ÚT FYRIR LANDSTEINANA. HÉR ER TÆPT Á NOKKRUM SAFARÍKUM BITUM SEM KOMIÐ HAFNA ÚT Í SUMAR, Í BRETLANDI, Á MEGINLANDINU OG HÉR HEIMA. SÍÐUSTU DAGA HAFNA AÐ AUKI KOMIÐ Á MARKAÐINN Á GÓÐU VERÐI LENGRI TÓNLISTARDISKAR OG BER ÞAR HÆST PULSE-DISKINN FRÁ PINK FLOYD OG KONSERT MEÐ JOHN FOGERTY SEM FYRRUM STÝRÐI CREEDENCE CLEARWATER.

CACHE, eða Hidden eins og hún heitir í enskri útgáfu Artificial Eye á disk, var sýnd hér um skamma hríð og hafði áður gengið á frönskum diskum hér á landi og spólum. Flestum þótti þessi verðlaunaði þriller Michaels Hanake heldur óþægilegt stöf: millistéttarhjónum frönskum taka að berast myndbönd frá daglegri önn þeirra. Sendingunum fylgja engin frekari boð en þær duga til að þeim verður ekki um sel og allt sem þau leynd sjálfum sér og hvoru öðru vellur upp á yfirborðið.

Skrifbentum um myndina var samt að vísa til þess að eiginmaðurinn var tengdur Alsírmanni og sagan vísar þannig beint í hin smánarlegu tengsl Frakka við Alsír og í enn víðara samhengi til minnihlutahópa araba í Frakklandi. Þau dýpri merkingarmið trufla ekki áhorfendur norðar í Evrópu.

Aukæfni á þessari ensku útgáfu er háltímaviðtal við leikstjórnann og annað eins af tókum frá vinnslu verksins en Hanake er mikill eintrýningur og oftast hataður af samstarfsmönnum sínum þegar tókum er lokið. Útgáfan sem nú er í boði kom út víða á meginlandinu í sumar og hefur alls staðar fengið frábærar umsagnir. Frónbrúum er nauðugur einn kostur að kaupa um net.

Meistaraverk Johns Ford frá 1956, **THE SEARCHERS**, er nú komið út í fimmtugsafmælisútgáfu. Hér var það frumsýnt í Austurbæjarbíói á sjötta áratugnum og hefur ratað á skjái ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 oftar en einu sinni. Þessi útgáfa sem Warner sendi frá sér snemmsumars er afar vönduð: Peter Bogdanovits og Martin Scorsese tala báðir um verkið og greina það og að auki eru skot frá tókum myndarinnar.

Þegar hún kom út á sínum tíma var henni fálega tekið. Makalaus umfjöllun um sóma og kynþátt var vissulega kraumandi í samfélaginu en ekki soðið enn upp úr. Má í því sambandi líta til Horft af brúnni eftir Miller, en sleitulaus leit aðalpersónanna að ungu stúlkunni sem rænt er af índíánum tekur ekki síður á þrá karlmanns eftir litlu stúlkunni og sakleysinu en hinu g o ð s ö g u k e n n d a hvarfi einstaklingsins í þessu stóra landi. Hið máttuga augnablik þegar hann (leikinn af John



Wayne) finnur stúlkuna (Nathalie Wood) er margrætt í merkingu sinni.

Varla er von til þess að söluaðili Warner hér á landi, Samfélagið hf., komi þessu meistaraverki í hátíðarútgáfu á framfæri svo enn verða safnarar að treysta á netið.

PASSENGER eftir Michelangelo Antonioni var gerð beint í kjölfar Englandsmyndar hans Blow up og Ameríku-myndar hans Zabrieski Point (sem áskrifendur á Digital Island gátu séð margsinnis á liðnum vetri á MGM-rásinni).

Passenger var síðasta útrásarverkefnið eftir þennan meistara og snerti áhorfendur djúpt á sínum tíma. Þar fór Jack Nicholson í fyrsta sinn út fyrir heimalandið og í nýrri útgáfu Sony fylgir hann því úr garði í löngu og ítarlegu viðtali rétt eins og Mark Peplow, hinn breski handritshöfundur. Kynbomban Maria Schneider var aftur ekki til viðtals.

Þetta er þétt pakkaður diskur og hér gefur að líta hinn fræga langa kafla í kyrru skoti þegar öll aksjón er utan ramma. Þar lýtur í gras aðalmaður s ö g u n n a r ,




blaðamaðurinn sem tekur á sig persónu annars manns og leikur lausum hala langa hríð undir hans nafni. Það er makalaust að sjá þessa mynd öðru sinni en að eiga þess kost að skoða hana á diskum er frábært.

Þýskir útgefendur hafa nýlega sent frá sér aðra mynd Antonionis frá 1964 sem var verðlaunuð í Feneyjum það ár. **RAUÐA EYÐIMÖRKIN** var fyrsta mynd hans í lit og lék Richard Harris aðalhlutverkið. Ókunnugur maður sest upp á auðuga fjölskyldu og veldur uppnámi. Sama þema tók Pasolini síðar upp og raunar Jökull Jakobsson nokkrum sinnum í leikverkum sínum. Myndin vakti á sínum tíma mikið umtal eins og raunar flestar myndir Antonionis gerðu á sjöunda áratugnum. Það er

Arthaus Kinowelt sem gefur hana út með ítarefni.

Um alla Evrópu var svo snemmsumars fánleg kassauitgáfa með fyrstu verkum Louis Malle: tryllinum **MEÐ LYFTU Á HÖGGSTOKKINN** sem hér var sýnd fyrir endur löngu í kvikmyndahúsi og á ríkissjónvarpinu. Hörkuspennandi mynd frá 1957 með tónlist eftir Miles Davis frá Parísardvöl hans sem fræg er.




Þeir Nexus-menn bjóða einnig upp á enska pakka með tju teiknimyndum um **ÆVINTÝRI TINNA** sem gerðar eru eftir jafnmörgum sögum Herges. Teiknimyndir eftir Tinna-sögnum þekka allir eftir að þær voru bútaðar niður og sýndar á ríkissjónvarpinu og þá talsetti Eggert Þorleifsson allar persónur, seinna komu þær út hjá Bergvík á spólum og þessa dagana eru þær að tínast út á ný á diskum. Tinna-sjúklingar geta fengið kassann í Nexus á 3.999 kr., en þeir sem vilja heyrja nýja talsetningu á diskum frá Bergvík með Felix Bergssyni og Þorsteini Bachman geta leigt diskana. Þann 20. koma út Svaðilför í Surtsey og Flugrás 714 til Sydney. Fyrir eru sex myndir og tvær koma út í ágúst.



Þarna eru einnig myndir hans **LE FEU FOLLET (1963)** og **LES AMANTS (1958)** en í öllum þessum myndum er Jeanne Moreau í stórhlutverki. Hér líka **ZAZIE DANS LE METRO** frá 1960 og er þá allt upptalið í ensku útgáfunni. Sú þýska er líka með gamanmynd frá 1989. Breska útgáfan er fyrra bindið af tveimur, en í lok júlí er væntanlegt annað bindi af filmum hans sem geymir fimm yngri myndir hans. Breska útgáfan er sniðin fyrir svæði 2. Þær eru fánlegar saman á tilboði frá amazon.co.uk, en Nexus hefur átt til eintök af fyrra bindinu á fínu verði – kr. 5.999.

THE LOST DISC – THE PIRATES OF THE CARIBBIAN hefur að geyma atriði sem sleppt var úr myndinni frægu auk hennar, en annar hlutinn af ævintýrum Jóa Spörfugls og féлага verður frumsýndur hér á landi innan skamms. Þessi útgáfa dreifist á þrjá diska og er heitið miklu aukæfni. Það er Nexus sem hefur þennan kjörgríp til sölu á 1.999 kr. Hún dugar rétt til að kynda upp fyrir næstu mynd í þrileiknum sem fyrirhugaður er um parið fagra Keiru og Orlando og svipinn sjarmerandi Jack Sparrow sem Johnny Depp er búinn að gera ódauðlegan í hugum okkar.



Útsala




adidas

concept store
Kringlunni



Nylon-stúlkurnar við landingu á Keflavíkurlugvelli fyrr í vikunni. Nýkomnar heim eftir fína fyrstu viku á sölulistum Bretlands. Stelpurnar í Nylon hafa heldur betur verið í sviðsljósinu frá því þær skutust fram á sjónarsviðið í apríl árið 2004. Þær hafa náð skjótum og glæstum frama hérlendis og eru nú komnar áleiðis í átt að heimsfrægð. Í síðustu viku gáfu þær út sína fyrstu smáskífu í Bretlandi og fór hún beint í 29. sæti breska listans. Þær gera það gott í London en þess má geta að Nylon er stytting á New York og London.

NYLON-AEVI NTÝRIÐ

Fyrirtæki Einars Bárðarsonar – Concert – auglýsti eftir ungum söngkonum á aldrinum 18–26 ára til þess að mæta í áheyrnarprufur á Nordica hóteli þann 7. mars árið 2004. Auglýsingarnar birtust í sjónvarpi og blöðum og létu viðbrögðin ekki á sér standa. „Við áttum von á viðbrögðum en augljóslega eru þessar undirtektir langt umfram það sem vonir stóðu til,“ sagði Einar Bárðarson á þeim tíma í viðtali við DV.

„Á venjulegum degi fáum við svona þrjú til tíu símtöl inn til okkar í gegnum símanúmer Concert en eftir að við auglýstum eftir söngkonum höfum við ekki getað lagt niður tólið. En eins og fyrr sagði brann símkerfið yfir enda engan veginn búið undir álag af þessu tagi,“ sagði Einar þá, sveittur við símann.

NYLON SKAL BANDIÐ HEITA

Um mánuði eftir prufurnar á Nordica hóteli var nýtt stelpuband kynnt til sögunnar. Bandið hafði fengið nafn og var skipað fjórum gullfallegum stúlkum. Þeim Ólmu Guðmundsdóttur, Steinunni Þóru Camillu Sigurðardóttur, Klöru Ósk Elíasdóttur og Emilíu Björgu Óskarsdóttur. Alma kom úr Fjölbrautaskólanum í Garðabæ en Steinunn og Klara úr Verzlunarskólanum.

Emilía Björg fór þó ekki sömu leið og hin ar þrjár stúlkurnar inn í sveitina. „Það var alveg óvænt sem ég datt inn í þetta söngkonudæmi. Nú síðari hluta vetrar hef ég verið meðal þátttakenda í sýningunni Lifi rokkið í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og einn daginn kom Einar Bárðarson til að fylgjast með æfingu. Í framhaldi af því nefndi hann hvort ég vildi vera ein söngkonanna fjögurra sem hann var að leita að,“ sagði Emilía í sínu fyrsta blaðaviðtali sem Nylonmæ.

SJÓNVARPSÞÁTTUR Á SKJÁ EINUM

Fyrsta lag sveitarinnar var endurútgáfa af laginu Lög unga fólksins sem hljómsveitin Unun gerði fyrst frægt. Myndband við lagið var sýnt á öldum ljósvakans og vakti strax mikla athygli. Það var svo á keppninni Ungfrú Reykjavík sem Nylon-flokkurinn kom fram opinberlega í fyrsta skipti. Klara Ósk söng þá lagið Einhvers staðar einhvern tímann aftur og var strax mikið rætt hve fallega rödd stúlkann hefði. Í byrjun maí var svo tilkynnt að fylgst yrði með göngu stúlkanna til frægðar á Skjá Einum í sjónvarpsþætti sem snérist eingöngu um ævintýri þeirra.

„Það er greinilega mikill áhugi fyrir þessu nýstofnaða stelpubandi enda eru þær gríðarlega hæfileikaríkar. Við höfum verið að leita að skemmtilegu efni í sjónvarpsþátt fyrir sumarið og þetta passar vel inn í það sem við erum að leita að,“ sagði Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás Eins á þeim tíma.

SKJÓTUR FRAMI

Sjónvarpsþáttur stúlkanna var feykivinsæll. Þá einna helst hjá yngstu kynslóðinni sem gjörsamlega missti sig yfir þeim. Á 17. júní ferðudust stúlkurnar um landið og sungu fyrir krakkana og var það sem Bítlarnir væru komnir í bæinn. Krakkarnir hlupu á eftir rúttunni og píkuskærkir ómuðu í átt að stúlkunum þegar þær tóku lagið. Þær voru duglegar að senda nýja smelli í útvarp og var það eins og við manninn mælt. Allt sló í gegn sem þær sendu frá sér.



Nylon fær afhenda gullplötu í Ísland í bítið.

NYLON-ÆDI

Óhætt er að segja að Nylon-æði hafi gripið um sig sumarið 2004. Það var ekki einungis tónlistin og sjónvarpsþátturinn sem féll vel í kramið hjá aðdáendum þeirra heldur var ýmis varningur framleiddur. Fyrst voru það Nylonbolirnir sem urðu vinsælir meðal þeirra yngstu en einnig hjá stálpaðri einstaklingum. Tveir meðlimir hljómsveitarinnar Kung Fú komu fram í slíkum bolum á balli á Akureyri sumarið 2004. Um haustið var svo tilkynnt að gefin yrði út bók um sumar stelpnanna og var það Marta María Jónasdóttir sem var fengin til þess að skrifa hana.

„Ætli ég hafi ekki verið valin til að sjá um verkið því ég er stelpa og ekkert rosalega mikið eldri en þær,“ sagði Marta María á þeim tíma í samtali við DV. „Ég get sett mig í þeirra spor og innst inni vonast maður náttúrulega til þess að verða fimmta Nylon-stúlkann.“

TIL LONDON Í UPPTÖKUR

Eftir farsælt sumar hjá stúlkunum þar sem hver smellurinn á fætur öðrum hafði slegið í gegn boðaði umboðsmaður þeirra útgáfu breiðskífu. Þeim var boðið að fara til London og taka þar upp með einum reyndasta upp-tökustjóra heims. Sá heitir Nigel Wright og bauð hann stúlkunum að taka upp þrjú lög í hljóðveri sínu, sem og þær þáðu. Platan rokseldist og var áttunda söluhæsta platan í jólaplötufloðinu. Stúlkurnar héldu útgáfutónleika í Smáralind og þurfti að halda aukatónleika því aðsóknin var svo mikil.

ÁSTAMÁLIN TIL UMFJÖLLUNAR

Eftir annasamt ár boðaði Einar Bárðarson rólegri tíma hjá Nylon-flokknum á nýju ári, árinu 2005. „Í fyrra var keyrt á 150, en í ár verður æðibunugangurinn aðeins minnkaður, keyrt á svona 110,“ sagði hann. Flokkurinn var ekki eins mikið á ferðinni og áður en spilaði þó víða



Nylon-stúlkurnar hafa breyst mikið á þessum tveimur árum. Svona voru þær í upphafi.

ENDALAUSA



Fjallað hefur verið um stúlkurnar í breskum fjölmiðlum.

og vann að nýrri plötu. Á vormánuðum bárust þó merk tíðindi af flokknum þegar ástamál Ölmur bar á góma. Hún hafði tekið saman við upptökstjóran Óskar Pál Sveinsson sem kom að upptökum á plötunni 100% Nylon. Sambandið vakti athygli því 17 ára aldursmunur er á þeim skötuþjúum. Fljótlega lægði öldurnar og fólk hætti að velta sér upp úr þessu stórglæsilega pari.

TÓNLEIKAFÖR MED WESTLIFE OG GIRLS ALOUD

Skömmu eftir að önnur plata Nylon – Góðir hlutir – kom út tilkynnti Einar Bárðarson útrás flokksins. „Planið er að þetta fyrsta lag þeirra verði kynnt á útvarpsstöðvum í Bretlandi í janúar,“ sagði Einar á þeim tíma. Var þar um að ræða Rolling Stones-smellinn Have seen mother baby standing in the shadow. Litlar sögur fóru af þeirri útgáfu. Hjólin fóru þó fyrst að snúast hjá stúlkunum þegar tilkynnt var að þær væru á leið í tónleikaferð með drengja-

bandinu Westlife í apríl og maí. Þegar tónleikaferðalag þeirra með Westlife var komið vel af stað bárust fregnir um að þær væru á leið í ferðalag með stúlkubandinu Girls Aloud að ferðinni með Westlife lokinni. Um svipað leyti kom lagið Loosing a friend út í Bretlandi. Nú hefur því verið fleygt að hljómsveitin Girls Aloud sé að hætta og nefnir slúðurblaðið The Sun Nylon sem einn af arftökum hennar.

29. SÆTI OG HVAÐ SVÖ?

Í síðustu viku kom út fyrsta smáskífa Nylon í Bretlandi. Einar Bárðarson hafði gefið það út að hann stefndi að því að lenda á topp 40. 29. sæti varð raunin eftir fyrstu vikuna og því árangurinn framfar vonum umboðsmannsins geðþekka. En hvað verður? Ljóst er að Nylon-stúlkurnar eru búnar að kveða niður allar efasemdaraddir og hafa farið mun lengra en nokkurn grunnaði. Þær eru að gera góða hluti en eins og þær sögðu sjálfar: „Góðir hlutir byrja og enda, með þér.“

SOLI@MINNSIRKUS.IS



Útgáfutónleikar plötunnar Góðir hlutir.



Nylon í Færeyjum.



Nylon-bolirnir slógu hreinlega í gegn. Þessi ungi Færeyingur kunnir sannarlega að meta Nylon-bolinn sinn.



Stúlkurnar hafa haft í nógu að snúast.



MIKIÐ UM BLÓM OG RÓSIR



ÓTRÚLEGA STERKIR OG DÖKKIR LITIR



ÆDISLEG EFNISNOTKUN OG HATTUR SEM SEINT GLEYMIST

BELGRADE TÍSKUVIKA

Eftir að serbneski hönnuðurinn Roksanđa Ilincić útskrifaðist úr Central St. Martins hefur aðdáenda- og kunnahópurinn stækkað ört. Í aðdáendahópnum má meðal annars finna Björk, Liberty Ross og Jo Reynolds. Hún hefur verið með margar sýningar og vinnur hörðum höndum að listsköpun sinni. Roksanđa vann til að mynda til fyrstu verðlauna á Smirnoff fashion awards. Í flestum tilfellum eru efnin í finni kantinum og tilvalin til kvöldfatnaðar og má oftast sjá silki og sifflon. En einnig hefur hún verið að prófa sig áfram með þrjónaskap en oftast einkennist fatnaður hennar af rómantík og draumkenndum, rólegum anda. Þess má geta að í versluninni KronKron er hægt að fá fatnað eftir Roksanðu Ilincić.



GEGGJADUR KJÓLL



SVART ALLTAF KLASSÍSKT



FALLEGT

HEITÍ

SIRKUS KÍKTI Á ÞAÐ HEITASTA Í HAUGA HÖNNUÐUM OG KOMST AÐ ÞVÍ AÐ RÓ

TÍSKUVIKAN Í NEW YORK

Alexandre Herchovitch er fæddur árið 1971 í Brasilíu og fékk hann að kynna tískuheiminum aðeins 10 ára gamall þegar móðir hans setti hann á fyrirsætu- og tiskunámskeið. Regína, móðir hans, var yfir sig hrifin af því sem sonurinn hannaði og fór að ganga í fatnaðinum í veislum og öðrum samkvæmum. Áhugi fólks var mikill og fór hann því að selja vinum og vandamönnum hönnunina sína. Alexandre Herchovitch vekur ávallt mikla athygli fyrir hönnun sína og má með sannni segja að þessi sýning sé mjög skemmtileg.



GEGGJAD DRESS



HRIFIN AF GRÆNA LITNUM.



ÓVENJULEG BLANDA, GRÆNT OG GRÁTT



FLOTTUR STÍLL Á SÝNINGUNNI

TÍSKAN Í NEW YORK



ÓTRÚLEGA FALLEG BLANDA



FLOTTUR BLEIKUR MEÐ BRÚNU.



KLASSI SEM BER AF



ELEGANT



FALLEGUR KJÓLL



YNDISLEGIR SNÚÐARNIR



FALLEGIR DÍTEILARNIR



GRÁTT MEÐ SVÖRTU



ALICE ROI ÁN EGG EFTIR SÝNINGUNA

TÍSKUVIKAN Í LONDON

Camilla Staerk sýndi haust- og vetrarlínu sína 2006/7 á tískuvikunni í London. Camilla er fædd í Danmörku en búsett í London og hefur hún vinnuástöðu þar. Hennar fyrsta lína var keypt af Browns og árið 2001 byrjaði hún með sitt eigið merki S/S. Camilla hefur nú komið í gang karlmannslínu sem heillar jafn mikið og kvenfatnaðurinn en Camilla er þekkt fyrir falleg og kvenleg snið og kemur hún sterk inn í tískubransanum.



KVENLEG PILS MINNA Á GAMLA TÍMA



ÓTRÚLEGA FALLEGA SNIÐINN JAKKI

TEINÓTTAR BUXUR OG TÖFF JAKKI



TÖFF OG TÆTT



KVENLEGT OG ELEGANT



SEXÝ OG SVART



HAUST

T- OG VETRARTÍSKUNNI HJÁ ÓLÍKUM MANTÍK OG KÚLHEIT FARA VEL SAMAN.

TÍSKAN Í PARÍS

Miu Miu er undirmerki af Prada sem er þekkt fyrir klassíska hönnun og afar kvenlegar línur. Miuccia Prada veit hvað hún er að gera og hefur Miu Miu vaxið hratt í tískuheiminum. Töff, kvenlegt og allt þar á milli.



RÓMANTÍSKUR OG RAUÐUR KJÓLL MEÐ KVENLEGU BELTI



SATÍN EFNI SEM SLÆR Í GEGN



SMÁATRÍÐI Í AÐALHLUT-VERKI HÉR



KLOSSALEG-IR SKÓR VIÐ KVENLEGAN FATNAÐ

TÍSKUVIKAN Í PARÍS

Agnes B vakti heldur betur athygli með nýjustu karlalínunni sinni á haust/vetur 2006/7 sýningunni í París í janúar. Karlmannsfötin hennar eru öðruvísi en allt það klassíska en samt sem áður karlmannsleg og ótrúlega kúl. Agnes B er með skemmtilega heimasíðu sem er þess virði að kíkja á; agnesb.com



DULARFULL EN SEXÍ SKIKKJA



HLÝR OG GÓÐUR JAKKI FYRIR VETURINN



LITRÍKT ER ALVEG MÁLIÐ EINS OG SÉST



HATTARNIR ERU SKEMMTILEG VIÐBÓT

SYNGJANDI SJÓRÆN- INGJASTEMNING Á REX



Jack Sparrow kemur sterkur til leiks í nýrri mynd um sjóræningjana í Karíbahafinu.

Það hafi fáir ef nokkrir gleymt hinni stór-góðu mynd *Pirates of the Caribbean* sem var sýnd hér árið 2003. Myndin vakti þvílíka lukku, ekki síst fyrir stórskemmtilegan ævintýraljóma, þar sem sjóræningjar, skrímsli og uppvakningar hrella og brella hver annan. Að sjálf-sögðu sló Jack Sparrow í gegn með feiknagóðum sjóræningjatöktum og hin fagra Keira Knightley bræddi hvert hjartað á fætur öðru. Ekki má gleyma sjarmatröllinu, honum Orlando Bloom, sem fór á kostum í hlutverkí Williams Turner.

Nú er hópurinn kominn aftur á hvíta tjaldíð með þvílíka þrumu, *Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest*, sem mun að öllum líkindum vekja sömu ef ekki enn meiri lukku. Í tilefni af frumsýningu nýju myndarinnar er boðið til allsherjarsjóræningjaveislu í kvöld á skemmti-staðnum Rex. Það verður dúndurfjör og félags-skapurinn verður frábær, að sjálf-sögðu eru all-ir í sjóðheitu sjóræningjaskapi og mun því veislan standa langt fram eftir morgni. Ekki láta þig vanta, kíktu við og skálaðu við sem flesta.



Johnny Depp, Keira Knightley og Orlando Bloom voru glæsileg á frumsýningu myndarinnar ytra.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

HITLERS- PERUSTÆÐI OG ALBÍNÓA- MÝFLUGA

Heimasíða vikunnar ætti að gleðja þann fjölda sérvitringa sem hangir heilu og hálfu dagana á e-Bay að leita að kjarakaupum. Á bizarrebids.com er hægt að finna sérkennilegustu uppboðin á e-Bay. Síðan er uppfærð daglega og gefst manni því tækifæri á að bjóða í sérkennilegheitin. Hvort sem það er góð hugmynd eður ei. Á bizarrebids.com er hægt að finna til sölu perustæði sem lítur út eins og Adolf Hitler, hlutverk í Bollywood-mynd, Paris Hilton-vélmenni í fullri stærð, kassa fullan af stökum sokkum eða aðra ápreifanlega geðveiki. Hversu mikið ert þú til í að borga fyrir andlitíð á Jesús á ristabrauði?



SIRKUSTVÍFARAR



Gianluigi Buffon, markmaður Ítala



Kristján Kormákur Guðjónsson, pistla- og rithöfundur

Þessa vikuna eru það Gianluigi Buffon, markmaður ítalska landsliðsins í fótbolta, og rithöfundurinn Kristján Kormákur Guðjónsson. Þrátt fyrir ólíkar starfstéttir mætti ætla að þarna væru á ferðinni tvíburar sem aðskildir hefðu verið við fæðingu. Báðir eru þeir dularfullir um augun og flakta ákveðnu suðrænu lúkki. En það sem tengir þessa tvo pílta órjúfanlegum böndum eru varinarnar. Þær eru þrýstnar og stórar. Maður fær það á tilfinninguna að þarna séu á ferðinni menn sem láta ekki hvað sem er upp í sig og hugsa sig tvisvar um áður en þeir hefja upp rastina. Kristján Kormákur hefur ekkert á móti því að skíta sig út, líkt og tvífari hans, enda hefur hann gjarnan verið bendlaður við hinn norska „skítuga realisma“.

X- LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|------|---------------------------|-------------------------|
| 1. | Red Hot Chili Peppers | Tell Me Baby |
| 2. | The Strokes | You Only Live Once |
| 3. | Hard-Fi | Better Do Better |
| 4. | Trabant | The One |
| 5. | Lost Prophets | Rooftops |
| 6. | Hot Chip | Over And Over |
| 7. | A.F.I. | Miss Murder |
| 8. | Muse | Supermassive Black Hole |
| 9. | Johnny Cash | Gods Gonna Cut You Down |
| 10. | Stone Sour | Through Glass |
| 11. | Dr. Mister & Mr. Handsome | Is It Love? |
| 12. | Keane | Is It Any Wonder? |
| 13. | Motion Boys | Waiting To Happen |
| 14. | System Of A Down | Kill Rock'n Roll |
| 15. | Danko Jones | First Date |
| 16. | Peeping Tom | Mojo |
| 17. | Mew | The Zookeepers Boy |
| 18. | Primal Scream | Country Girl |
| 19. | The Automatic | Monster |
| 20. | Bullet For My Valentine | Tears Dont Fall |

RAUÐIR HEITIR OG ENNÞÁ NÚMER EITT.



FM957

ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|------|---------------------------|----------------------|
| 1. | Black Eyed Peas | Gone Going |
| 2. | Saving Jane | Girl Next Door |
| 3. | Fort Minor | Where'd You Go |
| 4. | Jeff Who? | Barfly |
| 5. | Mihai Traistariu | Tornero |
| 6. | Rihanna | Unfaithful |
| 7. | Pink | Who Knew |
| 8. | Pussycat Dolls Ft. Snoop | Buttons |
| 9. | Gnarls Barkley | Crazy |
| 10. | Nelly Furtado | Promiscuous |
| 11. | Orson | No Tomorrow |
| 12. | Teddy Geiger | For You I Will |
| 13. | Dr. Mister & Mr. Handsome | Is It Love |
| 14. | Christina Aguilera | Aint No Other Man |
| 15. | Lordi | Hard Rock Hallelujah |
| 16. | Shakira Ft. Wyclef Jean | Hips Dont Lie |
| 17. | Lucas Prada | And She Said |
| 18. | All American Reject | Move Along |
| 19. | Á móti sól | Hvar sem ég fer |
| 20. | Fræ | Dramatísk rómantík |

FERGIE OG VINIRNIR Á TOPPNUM ENN OG AFTUR.



20

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

FÖSTUDAGUR 21. JÚLÍ

CAFÉ OLIVER

Gamlar konur myndu taka handhlaup ef þær væru á Oliver í kvöld, því Jóhann Bé mun þeyta skífum eins og vindhani.

HRESSÓ

Ef Hressingarskálinn stendur einhvern tímann undir nafni, þá er það í kvöld. Hin geysivinsæla hljómsveit Touch mun halda uppi stuði fyrrihluta kvölds og tekur Dj Johnny við af þeim með miklum látum fram á rauðanótt.

HVERFISBARINN

Á föstudaginn verður partí sumarsins... og verður það auglýst síðar... þó skal benda á að undarlegir hlutir munu gerast á Hverfis frá kl. 22 til miðnætis...

PRÍKIÐ

Franz og Kristó byrja kvöldið kl. 21 og spila til miðnætis en þá tekur Óli litli „hommalingur“ við eins og honum er einum lagið.



VEGAMÓT

Það verður ekki aðeins bongóblíða um helgina, heldur verða bongóslættir og bassabráljæði í tónlistarsetti Dj Kára á Vegamótum á föstudaginn.

SÓLON

Dj Brynjar Már verður í eldheitum ham á föstudaginn. Veggir munu nötra og fólk mun falla í danstransmaníu, svo mikið er víst.

NASA

Starfsfólk Nasa hefur ákveðið að slá á léttu strengi eftir miklar annir og taka sér frí. Verður Nasa því lokað föstudaginn 21.

CAFÉ VICTOR

Trúbbarnir Óli og Arnar trúba þig upp á milli 23 og 01 á Cafe Victor og tekur Dj Jón Gestur svo við af þeim og setur allt á annan endann.

KRINGLUKRÁIN

Hljómsveitin Upplyfting verður með svo upplýftandi dansleik á Kringlukráinni að fólk mun aldrei geta hætt að dansa!

LAUGARDAGUR 22. JÚLÍ

VEGAMÓT

Laugardagskvöldið 22. júlí slær Vegamót upp mikilli veislu í portinu hjá sér frá kl. 21–23, í samvinnu við Rokk og rósir, Elvis og Gyllta köttinn. Tilgangurinn er að fagna komu sumars og sýna nýjustu straua í „second hand“ fatnaði. Nýja bandið Kenya Nemor kemur fram. Dj B-Ruff sér um tónlistina fyrrihluta kvöldsins en svo um kl. 23 mæta Dj Dóri og Dj Rampage til leiks ásamt Benna B-ruff og spila langt fram eftir nóttu.

CAFÉ VICTOR

Dj Jón Gestur verður í snarbráluðum gir fram á eldrauðanótt. Vertu viss um að missa ekki af stuðinu á Café Victor. Hlökkum til að sjá þig!



SÓLON

Ríkki G hjálpar Brynjarí Má á laugardaginn og sér til þess að dúndrandi bassinn hækkar um helming og þeytir öllu sem fyrir verður um koll.



PRÍKIÐ

Dj Kvikindi hitar upp frá kl. 21–24 en svo mæta Dj Gísli Galdur og Addi Oliver trommari með sjóðheitan seið frumskógarins.

HRESSÓ

Trúbadoratvíeykið Biggi og Dóri twistar með öllum tækjum og tólum fram eftir kvöldi á Hressó, en Dj Johnny klárar kvöldið eins og honum einum er lagið.



CAFÉ OLIVER

Vertu viss um að taka hjartalýfin áður en þú finnur þungan bassa Dj JBK dýnja á þér hvað eftir annað á Oliver. Ógleymanlegt stuð fyrir tauga-kerfið.

NASA

Og starfsmenn Nasa eru enn að slá á léttu strengi og eru því líka í fríi laugardaginn 22. júlí.

KRINGLUKRÁIN

Ef þið fenguð ekki nóg kvöldið áður, mætið aftur á Kringlukrána og látið dansvænar ballböður Upplyftingar lyfta ykkur upp í hæstu hæðir.



LANDSBYGGÐIN

DÁTINN

Dansveislan á Dátanum heldur áfram þessa helgina. Á föstudaginn flippfloppar Dj Skari tónlist fyrir skarann. Það verður opið á milli 00.00–04.00 og alls konar eitruð tilboð á barnum sem ræna þig rænni. Á laugardaginn er svo röðin komin að „DON“ Grétari G og Dj Djanna sem hafa ábyrgst að sprengja þakið af húsinu með hreinum hljóðmassa. Athugið að þá er opið frá 01.00 til 04.00.

SJALLINN

Það ætlar allt um koll að falla á Sjallanum á laugardaginn. Auði Blöndal fer á kostum í leikritinu Typpatal, sem fræðir konur og karla á landsbyggðinni um leyndardóma snillingsins – og karlkynið. Sýningar hefjast klukkan 22.00, en húsið verður opnað klukkan 21.00. Forsala miða er í Pennanum á Glerártorgi, miðaverð kr. 2.500. Sama kvöld verður Djangódjasshátíðin haldin í Grand finale í Sjallanum og hefist klukkan 21.00. Um er að ræða glæsilega stórtónleika með hljómsveitunum Mimósu frá Reykjavík, Hrafnasparki frá Akureyri og Blue Brasil frá Þýskalandi, ásamt mörgum góðum gestum. Miðaverð er kr. 3.000.

YELLO

Plötusnúðurinn Andri fremur vúdúíska danstöfra á föstudaginn svo gestir verða sem dúkkur í höndum þessa fingrafima stráks.

Fjörð endar aldrei á Yello því á laugardaginn kveikir Dj Atli á græjunum og þú munt ekki muna neitt fyrr en daginn eftir.



SEYÐISFJÖRÐUR

Rosalegir RISA tónleikar verða haldnir á Seyðisfirði á laugardaginn á milli 17–23.30. Margar frábærar hljómsveitir, eins og Ghostitigal, Ampop, Sometime og Jeff Who?



21



SKELLTU ÞÉR TIL EYJA!



Todmobile + Stuðmenn + Bubbi + Í svörtum fötum
Á móti sól + Dr. Spock + Hoffman + Dans á rósum + Jet Black Joe
Hálft í hvoru + Foreign Monkeys + Brekkusöngur + Brenna+ Flugeldasýning

Miðasalan er hafin í Nesti
og á völdum ESSO stöðvum.
Miðaverð í forsölu er 8.500 kr.
Almennt miðaverð er 9.900 kr.
Sjá nánar á www.esso.is + www.dalurinn.is

Landsflug sér um að koma þér á Þjóðhátíð.
Bókun í síma 570 3030 eða á www.landsflug.is




FYRSTA MIXTEIP GÍSLA GALDURS

Gísl Galdur gefur út sitt fyrsta mixteip og er það númer tvö af fimm í nýju Priksseríunni.



„Þetta er fyrsti mixdiskurinn sem ég geri. Þannig að það var kominn tími á eitt stykki,“ segir Gísl Galdur Þorgeirsson sem gefur út sitt fyrsta mixteip um helgina í samstarfi við Prikkið. Teip þetta sem um ræðir verður gefið út annað kvöld, laugardagskvöld, með tilheyrandi viðhöfn. Það er nokkurs konar Priksklíka plötusnúða sem stendur að útgáfu þessara mixteipa og er afurð Gísla númer tvö í röðinni af fimm sem eiga að koma út. „Danni Deluxe gaf út

fyrsta mixteipið og nú er komið að mér,“ segir Gísl. Um er að ræða hundrað eintök sem verða gefin þeim sem koma fyrstir. Það verða veitingar í boði hússins og mun hinn alræmði stuðbolti DJ Kári sjá um að trylla lýðinn frá 21–24 en þá tekur Gísl við og fylgir Priksgestum inn í nýjan dag með seiðandi tónum. En Gísl, af hverju í fandanum hefurðu ekki gefið út mixteip fyrr? „Ég bara hef ekki komið mér í það. Það er held ég eina ástæðan.“



TALHÓLF FRAGA FÓLKINS...

VEL VIÐ HÆFI OG FR-FR-FRESH

Ef einhver einstaklingur ákveður að bjalla í einn heitasta plötusnúð landsins, Benna B-Ruff, en svo illa stendur á að Benni er með slökkt á símanum á sami einstaklingur von á litlum konfektmola. Talhólfskveðjan byrjar á þungum bassa og feitur trommutakti. Óþekktur MC tekur síðan nokkrar skratsaðar línur og svo heyrst Benni segja: „Lest'inn skilaboð eftir hljóðmerkið.“ Það væri náttúrulega fáránlegt að vera plötusnúður og vera EKKI með skrats á símsvarakveðjunni. Það eru ekki mikil hljóðgæði í kveðjunni, líklegast vegna þess að grajurnar hafa verið of hátt stilltar. Kveðjan er líka heldur stutt en á sama tíma er ekkert lúðalegra en óver-próúseruð símsvarakveðja. Þegar allt kemur til alls er kveðjan vel við hæfi þótt hún mætti vera aðeins óheföbundnari.



Danni Deluxe reið á vaðið en nú er komið að Galdurinum. Gísl Galdur hefur aldrei gefið út mixteip. Um helgina mun það breytast til muna.

FRÉTTASTOFA GILLZ – ÞORIR MEÐAN AÐRIR ÞEGJA!

Stjórn UEFA samþykkti á síðasta fundi sínum að rannsókn skyldi gerð á þessu ári á líkamlegu atgervi leikmanna í löndum víðsvegar um Evrópu. Tilgangurinn með rannsókninni er einfaldlega sá að athuga í hvaða löndum leikmenn eru best á sig komnir líkamlega og í hvaða löndum verst á sig komnir. Þessi tilraun er framkvæmd þannig að allir leikmenn í efstu deild eru teknir og fitumældir og síðan fengið meðaltal úr niðurstöðunum. Fréttastofan hafði samband við Eggert Magnússon formann KSÍ og spurði hann hvernig honum litist á þessa rannsókn sem gerð verður í lok sumars: „Jú, jú, vissulega er þetta skemmtileg rannsókn og ég hlakka mikið til að sjá niðurstöðurnar en það er ljóst að við munum taka nokkra leikmenn í efstu deild og einfaldlega loka þá inni í gámi fyrir þessa mælingu. Menn eins og Páll Einarsson, Björgólfur Thakafusa, Bjarki Guðmundsson, Gunnar Einarsson, Ingvar Kale, Valur Úlfarsson og Bjarnólfur Lárusson fara rakleidis í gáminn. Sem fyrirverandi offitusjúklingur veit ég alveg hvernig þessum mönnum líður en þeir geta því miður ekki tekið þátt í þessari rannsókn, þeir myndu bara eyðileggja fyrir hinum,“ sagði Egg-hausinn í viðtali við fréttastofu.



Rétt náðist í Pál Einarsson er hann var að rörlta inn á æfingu í Árbænum með rækju-samlöku í höndunum og hafði hann þetta um málið að segja: „Hvað er eiginlega að mönnum, er ég feitur? Hvað með Magnús Gylfason, hafa menn ekkert séð hann eða? Ég er bara með stór bein, mamma sagði mér það þegar ég var 6 ára, skilurðu! Látið mig bara vera!“ sagði miðjumaðurinn „knái“ Páll Einarsson.



Stelpurnar í Nylon-flokknum eru að gera mjög góða hluti í Bretlandi þessa dagana en lagið þeirra „Losing A Friend“ fór beint í 29. sætið á breska vinsældalistanum. Fréttastofan hafði samband við Þorkel Mána Pétursson umboðsmann og hann hafði þetta að segja um Nylon-hljóm-sveitina: „Málið er bara það að þessar Nylon-kellingar geta ekkert sungið og allir sem hafa eyru heyrja það en málið er bara það að Einar Borða er bara klókari en fólk heldur. Hann er að koma þessum nunnustelpum á 29. sæti á vinsældalistanum og þær hafa nánast aldrei séð titling. Þeir sem þekja eitthvað þennan bransa vita það að það virkar ekki því að mök selja, sjáði bara Girls Aloud, Pussycat Dolls og Sugababes, þær eru bara vændiskonur fengnar og hent í þær míkrafón og þeim sagt að syngja, og hvað gerist, jú þær kúka peningum,“ sagði Þorkell Máni Pétursson. Fréttastofan náði í offitusjúklinginn Einar Bárðarson og hafði hann þetta að segja: „Snilldin við þetta er náttúrulega það að meðan ég borga stelpunum 100 þúsund kall á mánuði þá hirði ég restina, það er óhætt að segja að buddan mín kvartar ekki, og ekki minnkar bumban,“ sagði Einar glaður í bragði þegar fréttastofan náði í hann á Club Ferry í London.

Band við Þorkel Mána Pétursson umboðsmann og hann hafði þetta að segja um Nylon-hljóm-sveitina: „Málið er bara það að þessar Nylon-kellingar geta ekkert sungið og allir sem hafa eyru heyrja það en málið er bara það að Einar Borða er bara klókari en fólk heldur. Hann er að koma þessum nunnustelpum á 29. sæti á vinsældalistanum og þær hafa nánast aldrei séð titling. Þeir sem þekja eitthvað þennan bransa vita það að það virkar ekki því að mök selja, sjáði bara Girls Aloud, Pussycat Dolls og Sugababes, þær eru bara vændiskonur fengnar og hent í þær míkrafón og þeim sagt að syngja, og hvað gerist, jú þær kúka peningum,“ sagði Þorkell Máni Pétursson. Fréttastofan náði í offitusjúklinginn Einar Bárðarson og hafði hann þetta að segja: „Snilldin við þetta er náttúrulega það að meðan ég borga stelpunum 100 þúsund kall á mánuði þá hirði ég restina, það er óhætt að segja að buddan mín kvartar ekki, og ekki minnkar bumban,“ sagði Einar glaður í bragði þegar fréttastofan náði í hann á Club Ferry í London.



Boot Camp-þjálfararnir Arnaldur Konráðsson, Evert Víglundsson og Róbert Traustason hlupu um daginn 100 kílómetra frá Hellu til Reykjavíkur til styrktar samtökunum Blátt áfram. Samkvæmt heimildum fréttastofu þurftu þjálfararnir að tylla sér niður til þess að fá súrefni eftir mikil uppköst eftir 20 kílómetra skokk. Samkvæmt heimildum fréttastofu eru vist þjálfararnir þrír búinir að skrá sig í herþjálfun hjá Neggernum, Bjarneyju og El-mari í Sporthúsinu. Fréttastofan hafði samband við Egil og hafði hann þetta um málið að segja: „Rosalega gott málefni hjá strákunum og var ég hrikalega ánægður með þá þegar ég heyrði þetta en málið er bara

það að það er erfiðara en að segja það að hlaupa 100 kílómetra. Ég er ekki að segja það að ég geti það, enda myndi ég ekki gefa það út nema ég væri potþéttur á því að ég myndi fara létt með það,“ sagði herþjálfunar-kóngurinn Egill Einarsson, Sporthúsinu.

Hrafn Davíðsson markmaður ÍBV í knattspyrnu hefur kært Ágústu Eddu á RÚV fyrir að kalla sig blökkumann í miðjum leik og segir hann þetta jaðra við einelti en Ágústa Edda kallaði Hrafn ítrekað Andrew Mwesiqwa í leik þeirra á móti Keflavík á dögunum. „Ég veit alveg af hverju hún kallaði mig þetta, því ég er með krullur, hún er bara með fordóma á móti fólki með krullur,“ sagði Hrafn í viðtali við fréttastofu.

Ómar Swarez hefur haft í nógu að snúast eftir að hann var rekinn sem hlaupari úr myndinni Astrópía. Samkvæmt heimildum fréttastofu er Ómar að fara að leika í nýrri hommaklám-mynd sem ber heitið Two Tubby Bitches og fjallar hún um tvo unga frjállega vaxna drengi sem vinna saman en enda síðan á því að gefa hvorum öðrum það. Fréttastofan óskar Ómari aftur til hamingju fyrir að vera frumkvöðull okkar Íslendinga í hommaklámínu.

Fréttastofa Gillz, þorir meðan aðrir þegja.



23

**Farðu alla leið ! Njóttu lífsins með
heilbrigðum lífsstíl**

